

57

21. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. málsgr. 32. gr. laganna orðist svo:

Fastir starfsmenn öryggiseftirlitsins eru öryggismálastjóri, öryggiseftirlitsmenn, skoðunarmenn og annað starfsfólk skrifstofu eftirlitsins, og taka þeir laun samkvæmt launalögum, en ráðherra ákveður umdæmisskoðunarmönnum (sbr. 34. gr.) þóknun fyrir störf þeirra.

2. gr.

Fyrri málsgr. 33. gr. laganna orðist svo:

Öryggismálastjóri og öryggiseftirlitsmenn skulu vera véla- eða efnaverkfræðingar, en skoðunarmenn skulu fullnægja þeim kröfum, er öryggismálastjóri gerir um þekkingu.

3. gr.

Síðasta málsgr. 35. gr. laganna orðist svo:

Starfsmenn eftirlitsins skulu skyldir að kenna við skóla landsins án aukagreiðslu varnir gegn slysum og um óhollustu við vinnu, samkvæmt reglugerð, sem ráðherra gefur út, að fengnum tillögum öryggismálastjóra og skipaskoðunarstjóra.

4. gr.

2. málsl. 45. gr. laganna orðist svo:

Að lokinni árlegri skoðun, hafi engar athugasemdir verið gerðar við öryggisútbúnað eða hollustuhætti, eða að lokinni eftirskoðun, þegar búið er að framkvæma umbætur þær, sem kunna að hafa verið fyrirskipaðar við aðalskoðun, gefur eftirlitsmaður út skoðunarvottorð ásamt reikningi fyrir eftirlitsgjaldið.

Gjört í Reykjavík, 21. apríl 1954.

Ólafur Thors. Jörundur Brynjólfsson. Árni Tryggvason.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.